

HERMANN PÁLSSON

MALUM NON VITATUR,
NISI COGNITUM*

ÖRLÖG latneskra spakmæla í norskum og íslenskum fornritum ultu á ýmsar lundir, enda virðast þau nú vera flestum dauðlegum mönnum hulin. Yfirleitt munu fáir gera sér grein fyrir því, hve margir norrænir orðskviðir eiga rætur sínar að rekja til útlends lærdóms og munu ekki hafa borizt til Norðurlanda fyrr en á 11., 12. eða jafnvel 13. öld. Skipuleg rannsókn á uppruna norrænna spakmæla verður að sjálfsögðu ekki leyst af hendi fyrr en heildarsöfnun þeirra er lokið, en slíkt er ekkert áhlaupaverk. Þótt þeir Finnur Jónsson og Hugo Gering hafi á sínum tíma birt allmiklar skrár yfir málshætti í fornritunum, þá eru þær engan veginn tæmandi.¹ Og hvorugur þessara mætu fræðimanna leggur neina sérstaka áherzlu á uppruna, enda láta þeir þess örsjaldan getið, að farið sé eftir latneskum fyrirmyndum. Auk þess verður að minnast þess, að orðið 'spakmæli' hefur miklu víðtækari merkingu en 'málsháttur'.² Nýlega hef ég fjallað um nokkur latnesk spakmæli í íslenskum fornritum, en þar er einungis um að ræða lítið brot af öllum þeim orðskviðum, sem þegnir voru sunnan úr álflu eftir að Íslendingar og Norðmenn kynntust við kristinn sið og komust í hóp menningarþjóða.³

* Mér er ljúft að þakka Jakobi Benediktssyni og Ólafi Halldórssyni þann vinargreiða að lesa frumdrög að þessari grein í handriti og benda mér á ýmsa agnúa á henni.

¹ Finnur Jónsson, 'Oldnordiske ordsprog og talemaader,' *Arkiv för nordisk filologi* XXX, 1914, bls. 61–111; 170–217. — Hugo Gering, 'Altnordische Sprichwörter und sprichwörtliche Redensarten', *sama rit* XXXII, 1916, bls. 1–31. — Auk þessara tveggja fræðimanna má nefna Andreas Heusler, 'Sprichwörter in den eddischen Sittengedichten', *Zeitschrift des Vereins für Volkskunde*, 1916 og 1917, en ritgerð hans hef ég ekki lesið.

² Orðið 'spakmæli' tekur ekki einungis yfir málshætti (*proverbia*), heldur einnig yfir þær spöku setningar, sem latínumenn kalla *sententiae*. Heilræði heyra einnig undir spakmæli.

³ Sjá *Studia Islandica* 39, 1981, og greinar, sem þar er vitnað til.

Í fljótu bragði getur verið örðugt að gera skarpan greinarmun á þeim orðskviðum, sem eru forn norrænn arfur, og hinum, sem eru þýðingar úr latínu eða öðrum tungum. Þó verða oft nokkur atriði til leiðbeiningar. Í fyrsta lagi hafa heimafengnir málshættir venjulega stuðlasetningu, en hana skortir stundum í hina þýddu orðskviði. Í öðru lagi eru fornir norrænir málshættir yfirleitt svo fastir í sniðum, að þeir breytast lítt eða ekki í meðförunum, en hins vegar eru ýmsir orðskviðir af latneskum uppruna sundurleitir að gerð og orðalag þeirra á reiki. Og í þriðja lagi fela sumir aðfengnu málshættirnir í sér hugmyndir, sem munu lítt hafa tíðkapt hér norðurfrá í heiðnum sið, og mega þeir því teljast þáttur í útlendum lærdómi norskra og íslenzkra bókmennta á miðöldum. Rannsóknir á spakmælum krefjast þess, að þrjú svið séu könnuð: uppruni þeirra og ferill; form og gerð; merking og hlutverk.

Um uppruna spakmæla er það skemmst að segja, að leitin að latneskum fyrirmyndum er vitaskuld ekkert vandamál, þegar þau koma fyrir í þýddum ritum, þar sem latneska textanum er trúlega fylgt, en hins verður þó að geta, að þýðingar hafa stundum önnur spakmæli en beitt var í frumriti. Í þessu sambandi má minna á *Alexanders sögu*; Brandur Jónsson hikar ekki við að nota íslenzkan málshátt, þegar svo býður við að horfa, í stað þess að þýða latneskan orðskvið í *Alexandreis*. Hins vegar sýnir hinn norski þýðandi gamanleiksins *Pamphilus de amore* merkilega natni og nákvæmni við að snara spakmælum á sína tungu. Báðum þessum þýðendum tekst starfið býsna vel, þótt þýðingarnar séu mjög hvor með sínu móti, enda eru frumritin næsta ólík að stíl. Hér norður á hjara veraldar kynntust forfeður okkar í öndverðri kristni ekki ýkja mörgum spakmælum með því að lesa rit frá sjálfri gullöld Rómverja, þótt nefna megi þær bækur eftir Sallúst og Lúkanus, sem snarað var á íslenzku á 13. öld. Hitt virðist hafa verið öllu algengara, að rómversk fornyrði slæddust til Norðurlanda í bókum kristinna höfunda, sem lögðu öllu meiri stund á að kynna sér klassískar bókmenntir en Íslendingar og Norðmenn. Ýmis spakmæli eru komin frá *Disticha Catonis de moribus* (sbr. Hugsvinnsmál) og öðrum skólabókum; mörg bárust hingað með hómilíum, heilagra manna sögum og ýmsum öðrum þýddum ritum; þá má einnig gera ráð fyrir því, að Norðmenn og Íslendingar hafi notað sér *florilegia* í því skyni að auðga spakmælaforðann. Sumir útlendu orðskviðirnir koma einungis einu sinni fyrir í fornritum, en aðrir nokkrum sinnum, t. a. m. sá sem hér verður fjallað um. Vafasamt er að staðhæfa mikið um feril slíkra

spakmæla á síðari öldum, enda skortir mjög öruggar heimildir um sögu þeirra. Þótt orðskviða af latneskum uppruna gæti töluvert í málsháttasöfnum frá 20. öld, þá er ekki tækilegt að draga af því þá ályktun, að þeir séu teknir af alþýðu vörum, enda kinoka safnendur og útgefendur sér ekki við að láta setningar úr fornritum fljóta með.

Þegar gerðir suðrænna spakmæla í norrænum fornritum eru athugaðar, verður það eitt fyrsta viðfangsefnið að bera þau saman við fyrirmyndina, og kemur þá í ljós, eins og vænta mátti, að þýðingar eru mjög misvel heppnaðar; sumar eru nákvæmar, aðrar næsta lauslegar, og stundum ber svo við, að þýðanda tekst að sameina glöggvan skilning á latnesku fyrirmyndinni og svo frábæran málsmekk, að menn grunar ekki annað en að þar sé um fornan norrænan málshátt að ræða. Þryðilegt dæmi um góða íslenska þýðingu á latneskum orðskvið er að finna í *Hrafnkels sögu*, þar sem 'Skömm er óhófs ævi' nær ekki einungis snilldarlega latnesku fyrirmyndinni *IMMODICIS BREVIS EST ÆTAS*, heldur eru hrynjandi, orðaval og stuðlasetning engu lakari en í innlendum málsháttum. Eins og áður var dregið á, þá koma sumir orðskviðir af latneskum toga fyrir í sundurleitum myndum, enda munu þeir hafa verið þýddir oft en einu sinni; í rauninni er slíkt ekki undarlegt um setningar úr skólabókum og öðrum latínuritum, sem voru sílesin á frummálinu af mörgum kynslóðum meistara, námspíla og klerka.

Hlutverk spakmæla í hinum betri Íslendingasögum og raunar ýmsum fornritum öðrum sýnir glögglega, að þar eru á ferðinni höfundar, sem hlotið hafa þjálfun í að beita orðskviðum á áhrifamikinn hátt, enda tíðkaðist fyrr á öldum að kenna slíka íþrótt í skólum. Spakmæli bera því oft ótvírætt vitni um lærdóm höfundar. Yfirleitt beita sögurnar lærðum málsháttum einkum í viðræðum og óbeinni ræðu, en hins vegar fer ekki ýkja mikið fyrir þeim í sjálfri frásögninni. Nú er það einsætt, að í hinum betri sögum er spakmælum beitt í þágu boðskaparins, enda eru þau oft á tíðum lögd í munn þeim persónum, sem lesendur munu einna helst taka mark á. Með slíku móti tekst höfundum stundum að koma fram mikilvægri hugsun á samþjappaðan og áhrifamikinn hátt. Þegar um er að ræða aðrar bókmenntir en sögur, getur enginn vafi leikið á um hlutverkið, hvort sem um er að ræða fræðiljóð á borð við *Málsháttakvæði* og *Sólarljóð* ella þá lög, málfræði og önnur verk, sem beita spakmælum til skýringar. — Með þessar almennu athugasemdir í huga skal nú horfið að viðfangsefni þessarar greinar, en hún er skráð í því skyni að skýra norskan og íslenskan feril tiltekins orðskviðar úr

latínu, að svo miklu leyti sem mér er hann ljós. Orðskviður þessi er kunnur af átta ritum frá 13., 14. og 15. öld, og verður fjallað um hvert í skömmu máli. Til glöggvunar eru kaflarnir tölusettir I–VII.

I. Tíundi kafli *Málskrúðsfræði Ólafs Þórðarsonar* (d. 1259) gefur stutta lýsingu á þeim tveim ritum Aelii Donati (4. öld e. Kr.), sem um langan aldur voru notuð við latínunám í evrópskum skólum. Ólafur kemst þar svo að orði um hinn forna meistara, að

því ritaði hann um löstu þá, er verða mega í málinu, að sá einn má mæla eða yrkja fagurlega, er hann veit bæði lof og löst á málinu, sem mælt er: MALUM NON VITATUR, NISI COGNITUM: *Eigi má illan löst varast, nema hann sé fyrri kenndur.*⁴

Þessi latneski orðskviður er ekki nefndur í hinu mikla spakmælasafni Walthers,⁵ og þrátt fyrir mikla leit hefur mér ekki tekizt að finna samhljóða gerð annars staðar en í *Málskrúðsfræði*, en þó rakst ég á náskyld afbrigði í riti eftir franskan menntafrömuð, sem var samtímamaður Ólafs Þórðarsonar, og mun þó hafa verið nokkru eldri en hann og lifað einnig lengur. Í ritinu *De Eruditione Filiorum Nobilium* notar Vincentius Bellovacensis spakmælið NULLUM MALUM EVITARI POTEST, NISI COGNITUM,⁶ og hefur það vitaskuld sömu merkingu og hinn orðskviðurinn, þótt orðalagið í aðalsetningunni sé nokkuð frábrugðið. Vincentius eignar spakmælið Boethiusi (d. 524 eða 525), en eins og Arpad Steiner hefur bent á, þá er það ekki þaðan komið, heldur mun það vera þegið úr einhverju riti, sem var ranglega eignað Boethiusi.⁷ Notkun spakmælisins hjá Vincentiusi og Ólafi Þórðarsyni er mjög áþekkt að því leyti, að báðir beita því í sambandi við nám eða lestur; skólapiltar geta sem sé lært af villum annarra, og er því um að ræða námsefni til viðursjár fremur en til eftirbreytni eða fyrirmyndar.⁸ Óvíst er, hvenær *Málskrúðsfræði* var tekin saman, en Vincentius er talinn hafa ritað bók sína

⁴ *Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda . . .*, útg. Björn M. Ólsen, 1884, bls. 60.

⁵ Hans Walther, *Proverbia Sententiaeque Latinitatis Medii Aevi I–VI*, 1963–67.

⁶ Vincent of Beauvais, *De Eruditione Filiorum Nobilium*, ed. Arpad Steiner, 1938, bls. 42.

⁷ *Sama rit, s.st.*, nmgr.

⁸ Hér má tilfæra stuttan kafla, þar sem Vincentius beitir spakmæli því sem greinin fjallar um: 'Quedam etiam legimus uel addiscimus, non quia multum utile sit ea scire, sed quia turpe est ignorare. Quedam uero, quia ipsum ignorare est periculosum, quoniam, ut dicit boecius, 'nullum malum euitari potest nisi cognitum.'

nokkrum árum fyrir miðja 13. öld.⁹ Þótt ástæðulaust sé að gera ráð fyrir því, að Ólafur hafi þekkt hana, þá má sennilegt þykja að þessir tveir þrettánda aldar fræðendur kunni að hafa sótt spakmælið í sam-eiginlega heimild.

En hver sem fyrirmynd Ólafs hefur verið, þá má teljast líklegt, að hann hafi fengið spakmælið úr einhverri skólabók eða lærdómsriti, þar sem það hefur gegnt svipuðu hlutverki og í Málskrúðsfræði og riti Vincentii. Þýðing Ólafs sýnir nokkra smásmygli, enda er hún öllu stirðari og raunar orðfleiri en latneska fyrirmyndin, en hins vegar er hún svo skýr, að nemendum hans hefur orðið merking og hlutverk setningarinnar deginum ljósari. Spakmæli Ólafs hefur hvorki góða stuðlasetning né þess konar hrynjandi, sem við eigum að venjast í ís-lenzkum málsháttum; í rauninni hljómar það eins og það komi af vörum meistara í skólastofu. Gerð hans af hinu latneska spakmæli kemur hvergi fyrir annars staðar í fornritum vorum, að því er ég bezt veit, en hins vegar tíðkaðist það í öðrum norrænum myndum, eins og brátt verður rakið.

II. Mannhelgarbálkur í *Landslögum* Magnúsar Hákonarsonar (d. 1280) hefur merkilegan kafla um dóma, þar sem löggð er áherzla á, að bókstafur laganna sé ekki einhlítur, heldur verði einnig að taka til greina þær fjórar systur, sem ávallt eigi að vera nærstaddar í dómum: miskunn, sannindi, réttvísi og friðsemi. Sami kafla er einnig í *Jónsbók*.

En að menn varist því gerranga dóma, þá má varla illt varast, *nema viti*; því minnst menn, að með fjórum háttum verða rangir dómur: annaðhvort með hræðslu, þar sem maður óttast þann sem hann skal um dæma, ella með fégirnd, þar sem maður sníkir til nokkurrar fémútu, eða með heipt, þar sem maður hatar þann er hann skal um dæma, ella með vináttu, þar sem maður vill liðsinna félagan sínum. Og er þá illa skipað, er þessum hörbörnum er inn vísað, en hinar skilgetnu systur eru brott reknar.¹⁰

Hlutverk spakmælisins hér er sambærilegt við notkun þess í Mál-skrúðsfræði: góðir dómur eins og góð meðferð á tungunni krefjast ekki

unde ambrocius *super lucam*: 'legimus aliqua, ne ignoremus; legimus, non ut teneamus, sed ut repudiemus.' *Sama rit*, s.st.

⁹ *Sama rit*, bls. xv-xvii.

¹⁰ *Norges gamle Love* II, bls. 63. *Jónsbók* (1904), bls. 56. Hér er fylgt texta síðari útgáfunnar.

einungis öruggrar þekkingar á réttum reglum og fyrirmælum, heldur eiga menn einnig að bera skyn á tilteknar villur og mistök, svo að þeir geti vitað, hvað varast skuli. Magnús lagabætur virðist hafa haft sérstakt dálæti á þessu spakmæli, og þar sem önnur verk Vincentii munu hafa verið kunn í Noregi um daga konungs, þá mætti gera sér í hugarlund, að spakmælið hafi borizt þangað sunnan úr Frakklandi.¹¹

III. Landslög og Jónsbók eru ekki einu ritin frá Magnúsi lagabæti, sem tilfæra spakmælið; *Hirðskrá* konungs beitir því ekki síður á magnaðan hátt. Þegar hún hefur talið upp ýmislegt í fari manna, sem verður þeim til lasta eða lýta og fremur til hróps en lofs, fylgir með svofelld áminning til glöggvunar:

Nú höfum vér sagt yður til nokkurra þeirra hluta með fám orðum, sem vér ætlum að hverjum manni, þeim sem siðsamur vill heita og eigi síður vera, hæfir frá sér að skilja sem framast má hann. Höfum vér því þessa hluti téð yður helzt, að *eigi* (v. l. *varla*) *má illt varast, nema viti*.¹²

Í því skyni að geta lifað syndlausu lífi áttu menn helzt að þekkja hverja einstaka synd, því að ekki þótti nóg að kunna boðorð Móses og annarra fræðara, nema menn áttuðu sig til hlítar á þeim löstum, sem varað var við. Í þessu sambandi má minna á Rómverjabréfið (vii 7), þar sem Páll postuli skrifar: 'En satt er það, ég þekkti ekki syndina nema fyrir lögmálið; því að ég hefði ekki vitað um girndina, hefði ekki lögmálið sagt: Þú skalt ekki girnast.' (Sed peccatum non cognovi, nisi per legem; nam concupiscentiam nesciebam, nisi lex diceret: Non concupisces.) Og það var engan veginn út í hött, þegar kristnir höfundar

¹¹ Um sambærilegar hugmyndir í *Konungsskuggsjá* og ritum Vincentii hefur Sverre Bagge fjallað í ritinu *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, 1979.

Mér er ekki kunnugt að bent hafi verið á skyldleika með *Konungsskuggsjá* og *De Eruditione Filiorum Nobilium*, en þó svipar þeim saman í ýmsum atriðum; hér má lauslega minnst á þá hugmynd, að konungur eigi að vera öðrum mönnum fróðari. Vincentius vitnar í Vegetius, *De Re Militari*:

... enginn maður ætti að vera margfróðari eða vitrari um alla hluti en konungur, því að það er sjálfs hans nauðsyn mikil og svo alls fólksins, er undir honum er.

Kgsk, útg. Unger, bls. 106.

¹² *Norges gamle Love* II, bls. 418.

'Neminem,' inquit, 'magis decet quam principem meliora uel plura nosse,' cuius doctrina potest prodesse omnibus subiectis.
De Erud. Fil. Nob., bls. 9.

voru að tönnlast á hinum sjö (eða átta) höfuðlöstum mönnum til áminningar: öllum var gert að skyldu að þekkja þá, svo að þeir gætu þeim mun betur varazt að falla í gildirur þeirra.

IV. Í bréfi dagsettu 3. marz 1439 í Osló og ritað af prófasti einum, ásamt lögmanni og presti, er notuð styttri mynd spakmælisins: *ey maa waratz nema witi*, og bera höfundar bréfsins glöggst skyn á fornt hlutverk þessa orðskviðar, eins og vænta mætti af lærðum mönnum.¹³ Orðalagið hér er að því leyti óljósara en í dæmunum að framan, að sögnin að *varast* hefur hvorki andlag né frumlag, og munu þeir ekki margir málshættir á norrænu, sem hafa tvær setningar og báðar andlagslausar og frumlagslausar. Hér hefur merkileg þróun átt sér stað. Þessi stutta og magnaða gerð málsháttarins virðist koma fyrir á Íslandi á síðari öldum: *Ekki má varast, nema viti*,¹⁴ þar sem 'ekki' hlýtur að vera atviksorðið fremur en óákveðna fornafnið.

V. Auk Málskrúðsfræði hafa þrjú önnur íslensk rit frá miðöldum latneska málsháttinn í þýðingu, og er elzt þeirra *Jóns saga baptista* eftir Grím prest Hólmsteinsson (d. 1298). Í 20. kafla sögunnar ræðir Grímur um það lýti,

er dómariinn gerist ofsóknarmaður og hræðir sér minni menn með kúga eða einhverri vél til þess, að þeir leggi peninga fram við hann, þar sem eigi eru löglegar sakir til, og þröngvir þá aflöglega, sem hann ætti vernd að veita og fullkomið fullting til allra réttra mála eftir skyldu sjálfra laganna að boði síns höfðingja; verður þá víkingur af varnarmanni, en vargur af geymslumanni. Og er kunnari verða kynkvísli þessa lýtis þeim er það vilja forðast, þar sem *varla má illt varast, nema vitað sé*, verður það framið, ef nokkur sá, er í málafylgju starfar, snarar með kúga eða einhverri vél peninga af

¹³ *Diplomatarium Norvegicum* III, bls. 541. Sbr. einnig Orðabók Guðbrands Vigfússonar, s.v. *vara*. Þar sem norska bréfið var ritað eftir tungnaskipti, þótti mér rétt að herma það stafrétt eftir útgáfu. Annars staðar er stafsetning samræmd að nútíma venju, og er atviksorðið *eigi* ávallt svo ritað, þótt styttri myndin *ei* kunnist að vera til staðar.

¹⁴ Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson, *Íslenzkir málshættir*, 1966, bls. 344. Heimild þeirra er handritið Lbs. 1096 8vo, sem var skrifað c. 1780 og síðar. Auk þess hafa þeir málsháttinn *Ei má (illt) varast, nema viti*, sem er tekinn úr riti Finns Jónssonar *Íslenzkt málsháttasafn*. (1920). Þá vitna þeir Bjarni og Óskar í *Þjóðsögur Jóns Árnasonar* II, 1954, bls. 523, þar sem fjallað er um víti og svo er að orði komizt: 'Ekki varast, nema viti.'

mönnum fyrir rétt fram, og ef dómandi vill eigi málum lúka, nema honum sé nokkuð gefið til.¹⁵

Það er vitaskuld engin tilviljun, að hér eins og í norsku lögunum og Jónsbók er spakmælið notað í sambandi við dómslýti, en í þessari grein verður ekki um það rætt nánar, né heldur um þær hugmyndir frá Alkuin, sem koma fram í þessum ritum öllum og einnig í *Konungsskuggsjá*.¹⁶

VI. *Jarlmanns saga og Hermanns* mun hafa verið rituð á 14. öld, og er hún varðveitt í tveim gerðum, sem eru býsna sundurleitar. Sú sem talin er eldri verður hér einkennd með bókstafnum *a* og hin yngri með *b*. Í sögunni hagar svo til, að Jarlmann gengur um hrið undir dulnefniinu Austvestan og sækir heim Serklandskonung í því skyni að bjarga Ríkilát, sem enginn veit hvar er niðurkomin, Jarlmann virðist gruna, að konungur sé valdur að brotthvarfi hennar. Hér þarf að leggjast djúpt til ráða, og þá lýsir Jarlmann tilteknum annmörkum sínum í áheyrn konungs á þessa lund:

- (a) *Eigi má einn varast, nema viti*. 'Ég vil segja yður, konungur,' segir hann, 'og öllum þeim heyra vilja, hver löstur á mér er: ég er svo forvitinn maður, að ég vil allt vita; stend ég upp um nætur, og hlusta ég til hvar sem menn hafa launtal; stend ég á hleri hvar sem ég kemst að, og má enginn vita hvar ég kem fram. En ef ég frétti nokkuð, þá má ég öngu leyna. Látið opinbera þenna minn löst um alla borgina, því að ég vil yður [hvergi] svíkja, og öngvan þann sem mér trúir.'¹⁷
- (b) . . . vildi ég að enginn maður hlyti hér illt af mér. Þó *má eigi illt varast, nema viti*, og vil ég segja yður löst á mér: ég er svo forvitinn maður, að ég vildi allt vita, en ef ég verð nokkurs vís, þá má ég öngu leyna, og verð ég allt að segja. Ég stend upp um nætur, og geng ég að forvitnast hvað menn tala, ef ég kann nokkurs vís verða. Því má hver maður varast að tala ekki fleira, en hirða eigi, hvenær upp kemur.¹⁸

Þeir lestir sem hér er drepð á: forvitni (*curiositas*) og mælgí (*loqua-*

¹⁵ *Postola sögur*, útg. C. R. Unger, 1874, bls. 881–2.

¹⁶ Sjá Ole Widding, *Alkuin i norsk-islandsk overlevering* (1960) og tilvitnað rit eftir Sverre Bagge.

¹⁷ *Late Medieval Icelandic Romances III*, útg. Agnete Loth, 1963, bls. 44–5.

¹⁸ *Riddara sögur VI*, útg. Bjarni Vilhjálmsson, 1954, bls. 215.

citas) þóttu hvor um sig illir og þó sérstaklega varhugaverðir, ef þeir fóru saman; en í sögunni þjóna þeir tilgangi Jarlmanns, því að með hjálp þeirra tekst honum að komast að því, hvar konungur geymir Ríkilát. Þessi grein er enginn staður til að ræða muninn á tveim gerðum Jarlmanns sögu og Hermanns, og væri slíkt þó býsna merkilegt viðfangsefni, heldur skal einungis vikið að spakmælinu skáletraða. Yngri gerðin hefur sömu setningu og Hirðskrá, en spakmælið í hinni eldri 'Eigi má einn varast, nema viti' á hvergi sinn líka og þarf því skýringar við. Orðið 'einn' í þessu samhengi er tvíþætt, þar sem það getur verið annaðhvort frumlag sagnarinnar 'má' eða andlag sagnarinnar að 'varast': 'Eigi má maður varast, nema viti' eða 'Eigi má mann varast, nema viti.' Síðari kosturinn er vitaskuld öllu tækilegri, þar sem samsvarandi orð (illan löst; illt) í öðrum gerðum eru í þolfalli. Ástæðulaust er að gera ráð fyrir því, að höfundur sögunnar hafi misskilið málsháttinn, heldur þykir mér hitt sennilegra, að hann eða einhver forveri hans ella þá skrifari hafi vikið honum til af ásettu ráði. Þó er önnur skýring hugsanleg, sem sé að hér sé um að ræða mislestur á afbrigðinu **Eigi má mein varast, nema viti*, þar sem orðið 'mein' væri þýðing á MALUM og því sambærilegt við 'illan löst' og 'illt' í eldri dæmum. Sá er þó auðsær ljóður á þessari tilgátu, að spakmælið **Eigi má mein varast, nema viti* mun hvergi koma fyrir utan þessarar ritsmíðar minnar.

VII. Árið 1303 snaraði Robert Mannyng af Brunne (c. 1264–1338) *Manuel des Pechiez* á ensku og kallað verkið *Handlyng synne*.¹⁹ Einværn tíma á 15. öld var nokkrum þáttum úr þessu enska verki snarað á íslenzku, m. a. dæmisögu um konu eina, sem gekk með presti og eignaðist með honum fjóra syni. Eftir að faðir þeirra er fallinn frá, hvetja synir móður sína að gera iðrun og yfirbót, en hún þverskallast við. Nokkrum vetrum síðar deyr konan, og synir hennar vaka yfir líkinu þrjár nætur; síðustu nóttina koma þangað fjendur, taka lík og líkbörur og fara 'niður til helvítis með allt saman til ævinlegrar vistar.' Yngsti bróðirinn, sem var mikill meistari,

prédikaði þetta ævintýr um allt England. Og hvar sem hann fór, þá lét hann eigi af, hvorki fyrir skömm né hræðslu, [að tala] móti

¹⁹ Þýðing Roberts Mannyngs og franska frumritið voru tvívegis gefin út af Frederick J. Furniwall, fyrst 1862 og síðar 1901–1903. Sjá Hugo Gering, *Íslendzk ævintýri II* (Halle a. S. 1883), bls. 95, og þó einkum Einar G. Pétursson, *Miðalda-ævintýri þýdd úr ensku*, 1976, bls. lxxvii.

þeim kvinnum, sem prestar taka, og allt fyrir sinnar móður skyld, og að allar kvinnur skyldu varast að falla í þessa synd, þær sem heyra þvílík dæmi, því *varla má illt varast, nema viti*. Og af öllum vísdómi þá er (*leiðr.*; *hdr.* þar) sem mestur meistaradómur að láta sér lærast hvað hann hefur heyrt sagt af annars illgerðum.²⁰

Hér eins og víðar í fornum ritum fylgjast að spakmæli og dæmisaga, enda styður hvort annað. Nú er það athygli vert, að *Manuel des Pechiez* hefur ekkert sem samsvari spakmælinu í íslenzku gerðinni, en í *Handlyng synne* beitir Robert Mannýng málshættinum *He wyys ys, þat ware ys*, sem er almennara eðlis: 'Sá er vitur sem varast,' og minnir hann á ýmis heilræði, sem hvetja menn að vera sífellt á varðbergi, án þess að nefna sérstaklega löst eða illa hluti.²¹ Enski málshátturinn er að sjálf-sögðu ekki óskyldur hinum íslenzka, enda má vel hugsa sér, að lýsingarorðið 'ware' hafi gefið þýðanda hugmyndina að beita spakmæli sem hafði samstofna sögnina að 'varast', og verður ekki annað sagt en að íslenzka gerðin sé hér öllu þróttmeiri en hin enska. Hins vegar veitir enski málshátturinn enga vitneskju um feril þess latneska spakmælis sem hér hefur verið fjallað um.

Nú hafa verið talin öll þau dæmi í norrænum og íslenskum fornritum um þýðingar á MALUM NON VITATUR, NISI COGNITUM, sem mér er kunnugt um. Þó má bæta við þeirri athugasemd, að bergmáli frá spakmælinu virðist bregða fyrir í *Ólafs sögu helga* (72. kafla í Hkr.), þar sem lýst er viðbrögðum Svíakonungs við bónorði Hjalta Skeggjasonar fyrir hönd Noregskonungs: 'Ekki skaltu mæla slíkt, Hjalti, en eigi vil

²⁰ Hér er farið eftir útgáfu Einars G. Péturssonar, sbr. síðustu nmgr., bls. 55–6. Áður var dæmisagan gefin út af Hugo Gering, *Íslendzk ævintýri* I, 1882, bls. 125–6.

Um afstöðu íslenzku þýðingarinnar til enska textans farast Einari orð á þessa lund: 'Þegar íslensku þýðingarnar úr Handlyng Synne eru bornar saman við þýðingarnar úr Gesta Romanorum sést, að textinn í Handlyng Synne er alltaf fjarlægari íslenskunni. Það bendir til, að milliliður í lausu máli hafi verið til, þótt hann sé ekki þekktur nú. Sá milliliður hefur verið runninn frá fyllra handriti af Handlyng Synne en nú er til . . .' *Miðaldaævintýri*, bls. lxxxix.

²¹ Í sambandi við enska málsháttinn má lauslega minnst þess, að orðin 'vitur' og 'varast' koma fyrir í spakmæli í norsku þýðingunni á 279. línu í *Pamphilus de amore*: 'Lítill sök spillir stundum, nema vitur varist það er spells er von.' Útg. Ludvig Holm-Olsen, bls. 109. Latneski textinn hljóðar svo: 'Causa pusilla nocet, sapiensque nocencia uitat.' G. Cohen, *La 'comédie' latine en France au XII^e siècle* (Paris 1931), II, bls. 204.

ég fyrkunna þig þessara orða, því að *þú veizt eigi, hvað varast skal*. Ekki skal þann hinn digra mann konung kalla hér í minni hirð . . . ?

Nú má draga dæmin saman í því skyni að fá yfirlit yfir norrænar og íslenskar gerðir hins latneska spakmælis. Þar sem Ólafur Þórðarson er svo hugulsamur að láta latneskan texta fljóta með, þá þarf ekki að fara í neinar grafgötur um fyrirmynd hans. En eins og áður var gefið í skyn, þá er ekki óhugsanlegt, að afbrigðið MALUM EVITARI POTES, NISI COGNITUM²² kunnir að hafa alið af sér aðrar myndir spakmælisins á móðurmáli voru; þó eru latnesku gerðirnar tvær svo náskyldar, að um slíkt verður ekki staðhæft, enda má vel vera, að aðrar myndir latneska orðskviðarins hafi tíðkapt forðum, þótt mér sé ekki kunnugt um þær. Í öllum íslenskum og norskum myndum spakmælisins helzt bygging frumgerðar að því leyti, að ávallt fer skilyrðissetning á eftir aðalsetningu, og í hinni síðarnefndu er NON VITATUR snarað með 'má varast' og atviksorðunum 'eigi' eða 'varla', sem skiptast raunar á í ýmsum málsháttum öðrum. En þegar þessum samkennum sleppir, er einsætt, að I (*Eigi má illan löst varast, nema hann sé fyrri kenndur*) stendur sér gagnvart öllum hinum, sem hafa getað komið frá sameiginlegri norrænni frummynd, þótt með þeim gæti nokkurra tilbrigða. Ef við leggjum II (*Má varla illt varast, nema viti*) til grundvallar, sjáum við, að skilyrðissetningin er hin sama í öllum hinum nema V (með lítills háttar breytingu), og aðalsetningin er samhljóða að heita má í öllum nema IV og VIa, en áður hefur verið drepið á þau frávik. Latneska orðskviðnum virðist hafa verið snarað tvívegis á móðurmálið. Þýðing Ólafs Þórðarsonar reyndist of stíð til langlífis. En spakmælið í hinum áhrifamiklu lagaritm Magnúsar Hákonarsonar er orðað af mikilli snilld og til frambúðar, þótt jafnvel því yrði hnikað til af mönnum, sem þóttust geta gert betur.

Ein ástæðan til langlífis latneskra spakmæla í íslenskum (eða norskum) búningi er vafalaust sú, að þau voru þýdd af menntuðum mönnum, sem létu sér annt um að færa útlendan lærdóm á vandað mál, og á hinn bóginn voru Íslendingasögur og önnur rit samín af klerkum, sem lært höfðu þá list að beita orðskviðum á áhrifamikinn hátt. Enginn þarf að efast um menntun þeirra, sem skráðu tiltekna kafla í Landslögum Magnúsar lagabætis, Jónsbók og Hirðskrá, né heldur er ástæða að

²² Vel mætti hugsa sér, að NULLUM MALUM EVITARI POTES, NISI COGNITUM hafi verið þýtt **Ekki illt má varast, nema vitað sé*, en síðan hafi atviksorðið 'eigi' leyst 'ekki' (þ. e. a. s. 'ekkert') af hólmi.

fjölyrða um Málskrúðsfræði Ólafs súbdjákna, Jóns sögu baptista eftir Grím prest, norska fornbréfið ella dæmisögu þá, sem snarað var úr ensku. Og um Jarlmanns sögu og Hermanns gegnir svipuðu máli og um ýmsar riddarasögur aðrar, að hugmyndaforði hennar og stíll benda eindregið í þá átt, að þar hafi lærður maður haldið á penna.